

EYJAR Í ELDHAFI

Jón Jónsson,
Smáraflöt 42, 210 Garðabæ

INNGANGUR

Pegar Skaftáreldar geisudu, hraun flæddi yfir og breytti grónu landi í svarta, líflausa auðn, stóðu hér og þar eftir svæði sem gróðurvinjar í auðninni. Af þeim sökum fengu þau hólma-nafn, sem þau halda enn í dag, þótt gróðurfarslega hafi, fyrir löngu, runnið saman við hraunið sem fljótlega klæddist grámosakápu.

Frá Hawaii eru slík fyrirbæri vel þekkt, og á máli innfæddra nefnd kipúka, eyjar.

Vikur- og öskufall hefur verið tiltölulega lítið í Skaftáreldum. Askan hvarf á fáum árum ofan í mýrarnar og 10 árum eftir gosið segir Sveinn Pálsson (1945, bls. 558): "Vikurinn er samt alveg horfinn ofan í grasrótina." Af hæðum hefur askan fljótt skolast í vorleysingum og fokið. Þær miklu vikurhrannir, sem enn þekja stóran hluta Úlfarsdalsskerja að sunnanverðu, eru nær örugglega að langmestu leyti frá fyrra gosi í Eldborgaröðum og vikurskaflar, víðs vegar um Vesturafrétt, eldri en Skaftáreldar, og frá öðrum gosstöðvum.

HNÚTUHÓLMI

Hólmi þessi (Mynd 1) er suðaustur af - og tekur nafn af Hnútu, sem er móbergshryggur, hér og þar með jökulbergskápu, en norðan hans er vesturendi gígaraðarinnar miklu, sem síðast gaus 1783. Á jarðfræðikortum þeim sem nú eru til og gefin hafa verið út (blað 6, Mið-Suðurland) er Hnútuholmi ekki merktur, en á korti Björns Jónssonar (1974) sem "Óskilgreindir gervigígir" og er það vísindaleg varfærni, sem margir mættu taka sér til fyrirmyndar. Mest áberandi í landslagi Hnútuholmans, og það sem nafnið nú einkum tengist, er þyrping mikilla gjallhóla, gervigíga, sem eldri eru en Skaftáreldahraun. Hins vegar er hólminn, sem Skaftáreldahraun skildi eftir verulega stærri og í

heild vart minni en 3 km². Utan gervigíganna eru mót eldri og yngri hrauna víða mjög óljós.

Hæstir eru hólarnir nyrst á svæðinu og margir um og yfir 20 m, en milli þeirra eru djúpar lautir, oft 6-8 m og þar yfir. Svo eru þar snotrir strompar með lóðréttu, ókleifa eða illkleifa veggi hlaðna úr rauðum kleprum. Oft eru þeir 2-3 m í þvermál, 4-5 m djúpir og með mikinn gróður á botni. Yfirleitt eru gervigígirnir hrúgur af gjalli, kleprum og hraunkúlum ásamt alla vega lög-uðum hraunflygsum. Sumir eru með reglulega gígskál í kolli, aðrir bara strýtur og enn aðrir bungulaga ásar eða hryggir með niðurföll og skálar hér og þar, þar sem grjótið aðeins gægist fram. Víðast standa gervigígirnir þétt, en milli þeirra, á stöku stað, koma fyrir hraunrásir eða traðir með helluhraunsáferð. Yfirleitt er þetta eldra hraun með stórbrotnari og meira ákveðin helluhrauns svipmót heldur en Skaftáreldahraun. Norðan við nyrstu hólana má glöggst sjá hvernig það hraun hefur rekið á hólabyrpinguna og við það pressast saman í fellingalagaða garða áður en það klofnaði í tvo strauma sem féllu sinn hvorum megin við hólana (Mynd 2). Af þessu er fullkomlega ljóst að aldursmunur er þessara myndana. Auk þess er þykkur jarðvegur, sendinn að vísu, og með miklu áfoki, en líka öskulögum, kominn yfir gervigígina og sýnir það að aldursmunur hlýtur að vera mikill og enn kemur fleira til.

SANDSTEINN

Það kom nokkuð á óvart að finna, norðan til á svæðinu á og utan í nokkrum hólanna allstóra, meira eða minna hellulaga, steina úr lagskiptum sandsteini (Mynd 3). Enn sem komið er hafa þeir fundist á litlu, afmörkuðu svæði. Sumir eru reistir á rönd, aðrir liggja flatir og svo allt þar á milli, en allir eru eins að gerð og úr sama efni. Að mestu er uppistaðan fínn móbergs-